

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/713
komudagur 7.12.2000

Um nýjan sumartíma

Inngangsorð

Lagt hefur verið fram frumvarp til laga á Alþingi um nýjan tímareikning á Íslandi (sjá texta og greinargerð). Samkvæmt því skal klukkunni flýtt um eina klukkustund frá núgildandi tíma síðasta sunnudag í mars og seinkað aftur síðasta sunnudag í október. Tímabreytingin á því að gilda í sjö mánuði á ári hverju. Tillaga þessa efnis kom fyrst fram á Alþingi árið 1994, og er þetta í fimmta sinn sem hún er lögð fyrir þingið. Efnislega er tillagan óbreytt frá fyrstu gerð, en greinargerðin með frumvarpinu hefur tekið nokkrum breytingum. Alþingi hefur tvívegis óskað eftir umsögn frá Háskóla Íslands um þetta mál, fyrst árið 1994 og aftur árið 1996. Þær umsagnir fylgja hér með (sjá fylgiskjal 1 og fylgiskjal 2), því að þeirra er ekki getið í greinargerð með frumvarpinu. Hér er ætlunin að gera nánari grein fyrir nokkrum atriðum sem varða eldri röksemdir og benda á nýjar. Að það skuli gert á þessum vettvangi er ekki óeðlilegt þegar þess er gætt að frumvarpið snertir Almanak Háskólans sérstaklega og lesendur þess. Til dæmis verða fjölmargar tímasetningar í almanakinu fyrir árið 2001 villandi því að frumvarpið á að taka gildi í byrjun árs, en almanakið er þegar komið út og þar er breytingarinnar ekki getið. Þá vaknar sú spurning hvaða tíma eigi að sýna í almanakinu eftirleiðis ef frumvarpið verður að lögum, en um það verður fjallað nánar hér á eftir.

Hvað er sumartími?

Orðið "sumartími" hefur fleiri en eina merkingu í íslensku máli. Í umræddu frumvarpi er heitið notað um sjálft tímabilið þegar flýtta klukkan gildir, en það er óvenjuleg notkun orðsins. Oftast er átt við þann tímareikning sem gildir á umræddu tímabili. Einnig hafa menn kallað það sumartíma þegar klukkunni er flýtt frá hefðbundnum tíma, hvort sem það er gert að sumri eða vetri. Þeir sem leggja þennan skilning í orðið segja gjarna að nú gildi sumartími á Íslandi árið um kring. Er þá átt við að klukkan séu stilltar eftir miðtíma Greenwich, þeim tíma sem gilti hérlendis á sumrin þau ár sem klukkunni var flýtt (sjá greinina Um tímareikning á Íslandi). Þessi notkun orðsins er ekki að öllu leyti heppileg. Ef orðið sumartími er notað um flýtta klukku almennt, vantar orð yfir það fyrirbæri þegar klukkunni er flýtt bæði sumar og vetur, en meira yfir sumarmánuðina. Þegar klukkunni er flýtt um tvær stundir frá réttum beltatíma yfir sumarmánuðina eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, kallast það tvöfaldur sumartími. Slíkt fyrirkomulag er sjaldgæft á friðartímum. Það tíðkaðist í Bretlandi í heimstýrjöldinni síðari, en þá var klukkunni flýtt um eina stund á vetrum og tvær stundir á sumrin eins og lagt er til að gert verði hér á landi. Nú á dögum má finna dæmi um þetta í Asíu (t.d. í Síberíu) og Alaska. Í Kína gildir sami tími (Peking-tími) allt árið í ríkinu öllu, en það jafngildir tvöföldum sumartíma og vel það í vesturhéraðunum og Tíbet.

Um orkusparnað við sumartíma

Sumartíminn leiðir til orkusparnaðar, því að betra samræmi næst milli birtutíma og vökutíma svo að þörfin fyrir raflýsingu (og í sumum tilvikum upphitun) minnkar. Þetta var höfuðástæðan til þess að reglur um flýtta klukku og sumartíma voru settar í Evrópu í báðum heimsstýrjöldum, og enn á ný í olíukreppunni á áttunda tug þessarar aldar. Röksemdin vegur ekki eins þungt í norðlægu landi eins og Íslandi þar sem bjart er allan sólarhringinn um hásumarið en dimmt mestan hluta sólarhrings í skammdeginu, hvernig svo sem klukkan eru stilltar. Eflaust er þetta skýringin á því hve lítil áhersla er lögð á orkusparnaðinn í frumvarpinu um nýjan sumartíma. Rétt er þó að gefa þessari hlið málsins gaum og athuga hve mikil áhrif þessi sumartími hefði til að fækka myrkurstundum á vökutíma á Íslandi. Við útreikningana verður gengið út frá þeim forsendum að vökutími sé 16 stundir á sólarhring, frá kl. 7 á morgnana til kl. 23 á kvöldin, og að bjart sé frá sólarupprás til sólarlags. Í þessu samhengi telst því

myrkur frá sólarlagi til sólarupprásar, sem er önnur skilgreining en sú sem notuð er í almanakinu og vísar til birtu utanhúss.

Árið 2001 verður tekið sem dæmi. Samkvæmt nýju reglunni yrði sumartími í gildi frá 25. mars til 28. október. Útreikningar sýna að í Reykjavík myndi myrkurstundum á vökutíma fækka úr 1709 í 1634 eða um 75 stundir (4,4%) miðað við núgildandi kerfi. Í upphaflegu kerfi, þegar íslenskur miðtími gildi allt árið, voru myrkurstundir á vökutíma 1861 talsins. Með því að flýta klukkunni um 1 klst. allt árið eins og nú er gert, hefur þessum stundum fækkað í 1709, þ.e. um 152 stundir (8,2%), en með nýjum sumartíma myndi þeim fækka um 75 stundir í viðbót eins og fyrr er sagt, þ.e. um 227 stundir alls (12,2%). Að flýta klukkunni um 2 klst. allt árið hefði sömu áhrif, en hámarksárangur næðist með því að flýta klukkunni um 2,5 klst. Við það myndi myrkurstundum á vökutíma fækka um 237 (12,7%).

Á Akureyri er fjöldi myrkurstunda á vökutíma meiri en í Reykjavík en ávinningur af sumartíma svipaður. Ef frumvarpið verður að lögum fækkar myrkurstundum á vökutíma úr 1800 í 1715 eða um 85 stundir (4,7%) miðað við núgildandi kerfi. Þegar íslenskur miðtími gildi allt árið voru myrkurstundir á vökutíma 1951. Miðað við það kerfi yrði ávinningurinn af nýjum sumartíma 236 stundir (12,1%). Sami árangur hefðist af því að flýta klukkunni um 2 klst. allt árið, en mestur árangur fengist ef klukkunni væri flýtt um 2,8 klst.: 256 stundir (13,1%).

Við skulum nú bera þetta saman við tvo staði erlendis, London og Róm. Í London gildir miðtími Greenwich að vetrinum en á sumrin er klukkunni flýtt um 1 klst. eftir sömu reglu og frumvarpið gerir ráð fyrir að fylgt verði hérlendis. Í London eru áhrif sumartímans þau að myrkurstundum á vökutíma fækkar úr 1849 í 1642, þ.e. um 207 stundir (11,2%). Í Róm gildir Mið-Evróputími á veturna en klukkunni er flýtt á sumrin á sama tíma og í London. Í Róm er breytingin úr 1762 stundum í 1555 stundir, þ.e. ávinningurinn er hinn sami að stundafjölda (207) en prósentutalan verður önnur (11,8%). Þetta er töluvert meira en þau 8% sem unnist hafa á Íslandi með því að flýta klukkunni um eina klukkustund. Með nýjum sumartíma næðist svipaður árangur hérlendis (12%), en þá má ekki gleyma því að hinn nýi sumartími jafngildir því að klukkan á Íslandi sé færð fram um tvær stundir frá beltatíma. Við erum því að bera saman tvöfaldan sumartíma á Íslandi og einfaldan sumartíma annars staðar. Og áhrifin skila sér á annan hátt á Íslandi en sunnar í löndum. Í London og Róm verða áhrif til sparnaðar hvern einasta dag frá því að sumartíminn tekur gildi þar til hann er felldur niður aftur. Á Íslandi gætir áhrifanna aðeins um takmarkaðan tíma vor og haust. Þetta sést best í yfirlitstöflunni hér að neðan. Taflan sýnir að hér á landi væri heppilegast að láta nýjan sumartíma gilda fram að haustjafndægum. Eftir það hefur hann engin áhrif til sparnaðar. Ástæðan er sú, að sá tími sem vinnst með aukinni birtu síðdegis, tapast í myrkurstundum að morgni.

Árlegar myrkurstundir á vökutíma 2001

| | | | | |
|---------------------------------------|----------------|----------------|-------------|----------------------------------|
| Reykjavík (Ávinningur við:) | Eldra kerfi | Nýrra kerfi | Ávinningur | Áhrifaskeið kerfisbreytingar |
| Núverandi kerfi | 1861 --> | 1709 = | 152 (8,2%) | (12.3.- 14.6. og 29.6. - 8.10.) |
| Nýtt kerfi | 1861 --> | 1634 = | 227 (12,2%) | (12.3 - 14.6. og 29.6. - 8.10.) |
| Nýtt miðað við núverandi | 1709 --> | 1634 = | 75 (4,4%) | (29.3. - 21.5. og 24.7. - 18.9.) |
| Akureyri | | | | |
| Núverandi kerfi | 1951 --> | 1800 = | 151 (7,7%) | (8.3. - 3.6. og 10.7. - 12.10.) |
| Nýtt kerfi | 1951 --> | 1715 = | 236 (12,1%) | (8.3. - 3.6. og 10.7. - 12.10.) |
| Nýtt miðað við núverandi | 1800 --> | 1715 = | 85 (4,7%) | (25.3. - 19.5. og 26.7. - 23.9.) |
| London | | | | |
| Núverandi kerfi | 1849 --> | 1642 = | 207 (11,2%) | (25.3. - 28.10.) |
| Róm | | | | |
| Núverandi kerfi | 1762 --> | 1555 = | 207 (11,8%) | (25.3. - 28.10.) |

Bjartari kvöld - dimmari morgnar

Ef klukkunni er flýtt, hefur það þau áhrif að bjartara verður og hlýrra eftir að vinnu eða skóla lýkur síðdegis. Þetta er augljós kostur fyrir þá sem vilja nýta þennan tíma til útivistar og er tvímælalaust sterkasta röksemd þeirra sem vilja taka upp nýjan sumartíma. Hitt vill stundum gleymast að bjartari kvöldstundir eru keyptar því verði að dimmara verður á morgnana. Þegar núverandi skipan var tekin upp árið 1968 og gamli sumartíminn lögleiddur allt árið, fylgdi því sá ókostur að seinna birti á morgnana, einkum vestast á landinu, og var það mest áberandi í skammdeginu á Vestfjörðum. Ef tekinn væri upp tvöfaldur sumartími eins og nú er lagt til, yrðu áhrifin greinilegust á haustin, síðasta mánuðinn sem sumartími væri í gildi. Þetta sést af eftirfarandi yfirliti sem reiknað er fyrir árið 2001, en munurinn milli ára er sáralítill.

| Birting í Reykjavík | Nú | Eftir breytingu | Samsvarandi dagsetning nú |
|----------------------------|------|-----------------|---------------------------|
| 29. september | 6:43 | 7:43 | 20. október |
| 6. október | 7:04 | 8:04 | 27. október |
| 13. október | 7:24 | 8:24 | 3. nóvember |
| 20. október | 7:44 | 8:44 | 10. nóvember |
| 27. október | 8:04 | 9:04 | 18. nóvember |
| Birting á Akureyri | Nú | Eftir breytingu | Samsvarandi dagsetning nú |
| 29. september | 6:26 | 7:26 | 18. október |
| 6. október | 6:48 | 7:48 | 25. október |
| 13. október | 7:10 | 8:10 | 2. nóvember |
| 20. október | 7:31 | 8:31 | 9. nóvember |
| 27. október | 7:53 | 8:53 | 16. nóvember |

Með "samsvarandi dagsetningu" er átt við það hvaða dagsetning með núgildandi tímareikningi gefi

sama birtingartíma og þann sem breytingin hefði í för með sér. Eftir breytinguna yrði 6. október til dæmis álíka dimmur að morgni til í Reykjavík og 27. október er nú. Með öðrum orðum: skammdegið mun setjast að þremur vikum fyrr, miðað við það hvenær birtir á morgnana.

Tímasetningar í almanökum

Áður fyrr var það viðtekin venja um allan heim að almanök fylgdu staðaltíma árið um kring. Ef sumartími var í gildi, þurftu menn því að muna að bæta klukkustund við tímatölur almanaka til að fá þann tíma sem klukkur voru stilltar eftir. Þannig fylgdi Almanak Háskólans alltaf íslenskum miðtíma, einni klst. á eftir miðtíma Greenwich, meðan reglur um sumartíma giltu hérlendis. Á síðustu árum hafa nokkur erlend almanök (t.d. í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi) tekið upp þann hátt að sýna sumartíma þegar hann er í gildi. Þetta er væntanlega gert til að draga úr hættunni á að lesandinn misreikni sig. Mistök verða þó aldrei útilokuð, og þar sem ekki er hægt að treysta því lengur að sama reglan gildi í öllum almanökum, verða menn að kynna sér vandlega hvaða reglu er fylgt í því almanaki sem þeir nota. Engin ákvörðun hefur verið tekin um það hvaða tímareikningi yrði fylgt í Almanaki Háskólans ef nýr sumartími verður lögfestur.

Heilsufarslegar röksemdir

Í umræðu um sumartímafrumvarpið hafa koma fram athugasemdir þess efnis að það geti haft áhrif á heilsu manna ef klukkunni er flýtt úr hófi fram. Starfsemi mannlíkamans er háð dagsveiflu sem sem stillist eftir sólargangi. Ef klukkunni er flýtt getur það leitt til þess að menn fari á fætur fyrr en þeim er eðlilegt (og að sama skapi of snemma að sofa) miðað við dagsveiflu líkamsstarfseminnar. Mennt greinir á um það hvort færsla klukkunnar um 1-2 klst. geti haft veruleg heilsufarsleg áhrif, en það er almennt viðurkennt að áhrifin séu merkjanleg, a.m.k. fyrst eftir að klukkum er breytt. Á hinn bóginn hafa heilsufarslegar röksemdir líka verið notaðar til að mæla með sumartíma með vísun til þess að meiri tími gefist til útivistar í sól og birtu. Á þeim forsendum var sumartími innleiddur í Noregi árið 1959. Hann var þó afnuminn aftur árið 1966 vegna margvíslegra óþæginda sem af honum leiddi. Það var ekki fyrr en fjórtán árum síðar, í kjölfar olíukreppunnar, að Norðmenn tóku aftur upp sumartíma.

Viðhorf til sumartíma erlendis

Sumartíminn hefur hvarvetna verið umdeild ráðstöfun. Í Japan, þar sem réttum beltatíma er fylgt allt árið, hafa komið upp raddir um að rétt sé að taka upp sumartíma. Í skoðanakönnun árið 1999 lýsti meirihluti þátttakenda (54%) í fyrsta sinn fylgi við hugmyndina, fyrst og fremst með orkusparnað í huga. Í Evrópulöndum, þar sem sumartími hefur verið í gildi síðan í olíukreppunni, er hins vegar vaxandi andstaða við þetta fyrirkomulag. Í sumum löndum, t.d. Belgíu og Frakklandi, hafa verið stofnuð samtök sem berjast gegn sumartímanum. Skoðanakannanir benda til þess að meira en 70% Frakka séu andvígir núverandi fyrirkomulagi. Árið 1996 komst nefnd á vegum forsætisráðherra Frakklands að þeirri niðurstöðu að afnema bæri sumartíma í Frakklandi. Ein af röksemdum nefndarinnar var sú að orkusparnaðurinn af sumartímanum væri svo lítill (0,1 - 0,2% af heildarorkunotkun Frakka) að fyrirhöfnin svaraði ekki kostnaði. Tillaga nefndarinnar strandaði á andstöðu innan Evrópusambandsins þar sem mikil áhersla var lögð á samræmdan tímareikning í löndum sambandsins. Samkvæmt nýlegum fréttum er nú rætt um það í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að framlengja sumartímamann og láta fljóta klukku gilda allt árið eins og gert er á Íslandi. Breska ríkisstjórnin hefur lýst áhuga sínum á þessu og vill kalla hið nýja tímaviðmið í Bretlandi "breska orkusparnaðartímamann" (British Energy Saving Time, BEST). Hvort af þessu verður er þó engan veginn víst.

Lokaorð

Eins og fram kemur í þeim greinargerðum sem vísað var til í upphafi (fylgiskjali 1 og 2) hefur sá sem þetta ritar ákveðna og afdráttarlausu skoðun á þessu deilumáli. Þrátt fyrir það hefur hér verið leitast við að draga fram röksemdir bæði með og móti hugmyndinni um nýjan sumartíma til þess að lesendur geti sjálfir gert upp hug sinn.

P.S.

Til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Þórshamri við Templarasund
Reykjavík.

Umsögn um þingsályktunartillögu um sumartíma, skipan frídaga og orlofs.

Hér er um að ræða þrjú mál, sem í rauninni eru óskyld. Tvö þeirra (sumartími og skipan frídaga) snerta sérsvið undirritaðs, og verður fjallað um þau hér að neðan. Ekki verður tekin afstaða til þriðja málsins (fyrirkomulags orlofs).

1. Um sumartíma. Sögulegt yfirlit.

Sérhver regla um stillingu klukkunnar er málamiðlun, þar sem taka þarf tillit til margra sjónarmiða. Aldagömul hefð er fyrir því að stilla klukkur eftir sólinni. Allt frá því á 16. öld hafa menn skipt sólarhringnum í 24 stundir og stillt klukkur á 12 sem næst hádegi og miðnætti. Í fyrstu var miðað við sannan sóltíma á hverjum stað, en eftir því sem klukkur urðu nákvæmari, varð erfiðara að fylgja ójöfnum gangi sólar, og þegar kom fram á 19. öld var alfarið miðað við meðalsól en ekki sanna sól. Lengi vel fylgdi þó hver staður sínum tíma eftir sólinni, og þannig var það hér á landi allt fram yfir síðustu aldamót. Klukkur á Akureyri sýndu því annan tíma en klukkur í Reykjavík, svo að munaði 15 mínútum. Árið 1907 voru loks sett lög um sameiginlegan íslenskan miðtíma, sem skyldi svara til meðalsóltíma á 15° vestlægrar lengdar frá Greenwich. Var það í samræmi við alþjóðlegt samkomulag frá 1885, þar sem jörðinni var skipt upp í tímabelti sem hvert náði yfir 15 lengdargráður og munaði því réttu klukkustund í tíma frá einu beltu til þess næsta. Af hagkvæmnisástæðum var þó sjaldnast farið nákvæmlega eftir lengdarbaugunum. Þannig var Ísland allt látið fylgja sama tímabelti, þótt vestasti hluti landsins hefði strangt tekið átt að fylgja öðru beltu en meginhluti landsins.

Tillögur um sérstaka stillingu klukkunnar á sumrin, svokallaðan *sumartíma*, komu fram þegar á 18. öld, en það var ekki fyrr en í heimstýrjöldinni fyrri, 1914-1918, að þessi hugmynd kom til framkvæmda í mörgum löndum. Með sumartímanum fékkst betra samræmi milli birtutíma og vökutíma og sparadist þannig dýrmætt eldsneyti. Sumartími var aftur tekinn upp víða um heim í heimstýrjöldinni síðari, 1939-1945, en flest lönd felldu hann niður aftur þegar frá leið. Í olúkreppunni á áttunda áratugnum var enn gripið til sumartímans í sparnaðarskyni, og sem stendur hafa margar þjóðir þennan háttinn á. Oftast hefur klukkunni verið flýtt um eina stund að sumrinu, en stundum hefur færslan numið tveimur stundum. Á Íslandi var sumartími í gildi árin 1917-1918 og aftur 1939-1968. Með lögum nr. 6 árið 1968 var ákveðið að fljóta klukkan ("sumartíminn") skyldi framvegis gilda allt árið. Klukkunni var því flýtt vorið 1968 en ekki seinkað aftur um haustið. Núna eru því klukkur á Íslandi stilltar þannig að þær sýna einni stund meira en vera ætti samkvæmt

beltatíma, sem miðast við meðalsól. Vestast á landinu munar reyndar tveimur stundum, sbr. það sem fyrr er sagt.

Um ástæðurnar fyrir lagasetningunni 1968 vísast til greinargerðar með frumvarpinu, en undirritaður var annar af höfundum hennar.

2. Rök flutningsmanna fyrir því að taka upp sumartíma.

Pingsályktunartillagan sem fyrir liggur, gerir ráð fyrir því að klukkunni verði flýtt að sumrinu um eina klukkustund frá því sem nú er. Þótt það sé hvergi sagt berum orðum, má lesa það út úr þeirri greinargerð sem fylgir, að hugmyndin sé að miða við sömu tímamörk að vori og hausti og Evrópusambandið stefnir að með þeirri samræmingu sumartíma sem taka mun gildi frá og með 1996 (ekki 1997, eins og segir í greinargerðinni).

Flutningsmenn nefna þrjá kosti sem fylgi því að taka upp sérstakan sumartíma. Er þá fyrst nefnd lenging sameiginlegs skrifstofutíma á Íslandi og í Vestur-Evrópu, og er mest áhersla lögð á það mál. Röksemdin er rétt, svo langt sem hún nær, og var reyndar ein af mörgum ástæðum sem lágu til grundvallar því að "fljóta klukkan" (gamli sumartíminn) varð fyrir valinu árið 1968 þegar ákveðið var að hætta klukkufærslum hér á landi. Frá sjónarmiði þeirra sem stunda viðskipti hlýtur hins vegar að vera spurning hve langt sé hægt að ganga í þessa átt. Það sem vinnst í sameiginlegum skrifstofutíma austur á bóginn til Evrópu, tapast þegar horft er vestur á bóginn til Ameríku, og þar er þessi sameiginlegi tími orðinn æði stuttur. Þá má líka spyrja þeirrar spurningar, hvort sameiginlegur skrifstofutími skipti eins miklu máli nú, þegar bréfasími (telefax) og tölvupóstur eru að verða ríkjandi þáttur í samskiptum milli landa. Benda má á, að Japanar hafa ekki tekið upp sumartíma. Ekki verður annað séð en að þeim hafi tekist bæmilega að halda uppi viðskiptum við Evrópu og Bandaríkin þrátt fyrir mikinn tímamun í báðar áttir.

Önnur röksemd flutningsmanna er sú, að ef sumartími yrði tekinn upp á Íslandi, þyrfti ekki lengur að breyta áætlunum flugfélaga þegar klukkunni er flýtt eða seinkað erlendis. Þetta er ekki alls kostar rétt hvað varðar flug til Bandaríkjanna. Sumartími þar mun ekki fylgja sumartíma í Evrópu að því leyti, að klukkunni verður ekki flýtt alveg á sama tíma báðum megin hafsins í fyrirsjáanlegri framtíð, og munar þar einni viku. Með tilkomu sérstaks sumartíma hérlendis, hlytu tímaáætlanir í Bandaríkjaflogi að breytast, ekki aðeins þegar klukkunni er flýtt þar, heldur líka þegar henni yrði flýtt hér (sem yrði væntanlega viku síðar). Hvort breytingarnar eru látnar koma fram í brottfarar- og komutímum hérlendis, eins og nú virðist gert í Evrópuflugi, eða erlendis, eins og nú virðist gert í Bandaríkjaflogi, hlýtur að vera ákvörðunaratriði flugrekstraradila. En ekki skal dregið í efa, að það myndi vera hagkvæmara fyrir þessa aðila í heildina séð, ef klukkunni yrði flýtt hér á sumrin til samræmis við Evrópulönd.

Þriðja röksemdin er sú, að sólar muni njóta lengur eftir vinnutíma, ef klukkunni verði flýtt að sumrinu. Þetta er vissulega rétt og var reyndar aðalástæðan til þess að gamli sumartíminn var lögfestur allt árið. En þótt skammtur af meðali hafi góð áhrif, er ekki þar með sagt að tvöfaldur skammtur hafi tvöfalt betri áhrif. Ef

klukkunni væri flýtt meira en nú er gert, gengi það í berhögg við þá aldagömlu hefð, að hádegi og miðnætti skuli vera sem næst klukkan 12. Hádegi yrði þá á tímabilinu frá kl. 13:38 til kl. 14:53, allt eftir landshlutum og árstímum, og miðnætti á tímabilinu frá kl. 01:38 til kl. 02:53. Orð eins og "hádegi" og "miðnætti", "árdegis" og "síðdegis" hefðu þá ekki lengur skýra merkingu í íslensku máli. Þótt við búum nú þegar við fljóta klukku, fylgist fólk ekki svo grannt með sólargangi að öllum jafnaði, að það taki eftir misræminu sem af því leiðir. En ef klukkunni væri flýtt um eina stund til viðbótar, yrði hverjum manni augljóst að hádegið væri orðið fjarri klukkan 12 og miðnættið sömuleiðis. Þegar hádegið fer að nálgast það sem áður hét nón, og miðnættið óttu, mun ýmsum finnast nóg um.

Þá má benda á, að ekki er víst að allir yrðu ánægðir með að klukkunni yrði flýtt umfram það sem þegar hefur verið lögfest. Bóndinn sem bíður eftir að heyið þorni í morgunsólinni, er varla hrifinn af því að þurfa að bíða klukkutímanum lengur. Hið sama má sjálfsagt segja um ferðamanninn sem hefur hugsað sér að horfa á sólarlagið eða miðnætursólina. Og þeir sem hafa áhuga á að fylgjast með stjörnum eða norðurljósum vor og haust, yrðu að bíða ennþá lengur eftir því að það dimmi að kvöldi. Þetta er aðeins nefnt til þess að undirstrika, hve sjónarmiðin geta verið margvísleg, og að það sem er einum í hag getur verið öðrum í óhag.

Sá kostur fljótrar klukku, að færa mönnum aukna birtu að loknum vinnutíma, er ekki eins ótvíræður hérlendis og sunnar í löndum, þar sem raunverulegt myrkur verður á öllum árstímum, jafnvel um hásumarið. Á þeim breiddargráðum getur færsla klukkunnar skipt verulegu máli, t.d. við útiskemmtanir. Á Íslandi er hins vegar svo bjart að sumrinu, að myrkur er sjaldnast til trafala.

Þá eru upp taldar þær röksemdir sem flutningsmenn þingsályktunartillögunnar færa fyrir máli sínu. Mótrök nefna þeir engin, þótt þau sé að finna í greinargerð með lögunum frá 1968, sem þeir vitna til.

3. Rökin gegn nýjum sumartíma.

Alvarlegasti gallinn við að flýta klukkunni að vori og seinka henni að hausti, er sú röskun sem það hefur í för með sér í nútímapjódfélagi. Þetta þekkja allir sem reynt hafa. Þær þjóðir sem tekið hafa upp sérstakan sumartíma, gera það þrátt fyrir augljós óþægindi, af ástæðum sem eru ekki fyrir hendi hér á landi (eldsneytis-sparnaður) eða vega ekki eins þungt hér (lengri birtutími eftir vinnu). Í reglum um samræmingu sumartíma í löndum Evrópusambandsins er sérstaklega tekið fram, að reglurnar skuli ekki gilda lengur en þrjú ár fram í tímann. Bendir það til þess að ekki sé litið á þetta sem varanlegt fyrirkomulag.

Að breyta öllum klukkum í landinu tvisvar á ári er ekkert áhlaupaverk. Fyrir utan venjuleg úr og heimilisklukkur má nefna allan þann fjölda af stimpilklukkum sem stilla þarf, svo og klukkur á byggingum á almannafæri. Þá eru komnar óteljandi klukkur í alls konar heimilistæki, rafeindatæki og tölvur. Stilling á klukku í einkatölvu virðist einfalt mál, en getur þó verið varasöm aðgerð í sambandi við geymslu á tímasettum skrá, þar sem tímaröð skráanna getur brenglast. Stilling á klukku í stóru tölvukerfi, þar sem alls konar aðgerðir fara fram sjálfvirkt eftir

klukkunni allan sólarhringinn, er erfiðara viðfangsefni. Þegar klukkunni var seinkað sl. haust í Danmörku, tilkynnti fyrirtækið IBM með tíu daga fyrirvara að danska tölvunetið yrði óstarfhæft í margar klukkustundir. Forstjóri Skýrsluvéla ríkisins taldi aðspurður að það myndi taka um það bil tvær klukkustundir að breyta klukkum í tölvum þess fyrirtækis og að verkið yrði að framkvæmast með mikilli gát. Forstjóri Öryggisþjónustufyrirtækis í Reykjavík vakti athygli undirritaðs á því, að það myndi kosta mikla fyrirhöfn að stilla allar klukkur í þeim rafeindabúnaði sem fyrirtækið hefði komið upp. Þessi dæmi eru aðeins nefnd til umhugsunar, en áþekk dæmi eru sjálfsagt fleiri en nokkurn grunar.

Fyrirhöfnin við að stilla klukkur, þótt ærin sé, er ekki þyngsta röksemdin í þessu máli. Önnur áhrif breytingarinnar myndu snerta almenning enn meira. Meðan reglur giltu um sérstakan sumartíma hér á landi, var mjög mikið kvartað yfir því, að hringlið með klukkuna truflaði svefnvenjur manna, og þá sérstaklega ungbarna. Þetta var árviss uppspretta lesendabréfa í dagblöðum og sífellt umkvörtunarefni. Þá voru alltaf margir sem gleymdu að stilla klukkur sínar og lentu í meiri og minni vandræðum af þeim sökum. Í sveitum þurfti að breyta mjaltatíma í áföngum, og var það til óþæginda fyrir bændur. Færsla klukkunnar olli því líka, að breyta varð veðurfregnatímum í útvarpi, og var það síður en svo vinsælt. Vegna alþjóðlegs samstarfs verður Veðurstofan að framkvæma veðurathuganir á föstum tímum eftir miðtíma Greenwich (kl. 3, 6, 9, 12 o.s.frv.). Ef klukkunni á Íslandi væri flýtt að sumrinu, yrðu veðurathugunarmenn að breyta til og gera athuganir sínar kl. 4, 7, 10, 13 o.s.frv. eftir hinum nýja sumartíma. Þetta hefði aftur áhrif á það, hvenær hægt væri að lesa veðurfregnir í útvarpi.

Miðtími Greenwich (GMT), öðru nafni heimstími (Universal Time, UT), er nú staðaltími á Íslandi. Þessi tími er hafður til viðmiðunar í alþjóðlegum rannsóknum, samgöngum og fjarskiptum, og það er óneitanlega til mikils hæðarauka fyrir fjölda aðila hérlendis að þetta skuli jafnframt vera íslenskur tími árið um kring. Kemur það í veg fyrir ýmiss konar óþægindi og mistök og auðveldar marga starfsemi. Auk Veðurstofunnar á þetta við um allar aðrar stofnanir þar sem tímasettar athuganir og mælingar fara fram. Þá má benda á aðila eins og Flugmálastjórn og Póst- og símamálastofnunina, sem hafa þarna hagsmuna að gæta. Slíkir aðilar þyrftu að fá þingsályktunartillöguna til umsagnar.

Að lokum skal minnst sérstaklega á mikilvægt atriði sem snertir alla þá sem nota töflur eins og flóðtöflur og sólargangstöflur í almanökum, s.s. Almanaki Háskólans og Sjómannaalmanakinu, eða töflur frá Sjómaelingum Íslands. Slíkar töflur verða að fylgja föstum tíma árið um kring, bæði vegna alþjóðlegrar hefðar og eins af rökfræðilegum ástæðum. Ef klukkunni er flýtt að sumrinu, þurfa menn að muna að bæta klukku tíma við tölurnar í þessum töflum. Meðan reglur um sumartíma giltu hér á landi, var algengt að þetta ylli misskilningi, og þess var jafnvel dæmi að sá misskilningur hefði alvarlegar afleiðingar. Klukku tímaskekkja getur skipt verulegu máli, t.d. fyrir einkaflugmann sem er að gera flugáætlun og misreiknar sig á því, hvenær myrkur verður á áfangastað. Sama gildir um sjófarendur sem þurfa að vita sjávarstöðu eða taka sólarhæð. Skekkjan getur tvöfaldast ef leiðrétting er gerð í öfuga átt, en ávallt er mikil hættu á slíku.

Að öllu samanlögðu verður ekki séð, að hagræðið við að flýta klukkunni á sumrin geti á nokkurn hátt vegið upp á móti hinum margvíslegu ókostum sem þessu myndu fylgja. Í mörgum tilvikum mætti ná svipaðri hagræðingu og flutningsmenn þingsályktunartillögunnar óska eftir, með því að viðkomandi tækju upp annan vinnutíma á sumrin. Allmörg fyrirtæki og stofnanir hafa þegar breytt opnunartíma að sumrinu, og víðtækari samtök um slíkt ættu að vera möguleg, ef menn sjá sér hag í því.

Síðan núgildandi lög um íslenskan tíma voru sett, árið 1968, má heita að fullkominn friður hafi ríft um þetta mál, gagnstætt því ósætti sem alltaf bar á, meðan klukkunni var flýtt á sumrin. Ber þetta vott um að vel hafi tekist til, og sýnist óráðlegt að stofna til deilna á nýjan leik.

4. Um skipan frídaga.

Annar hluti þingsályktunartillögunnar fjallar um breytingu á skipan frídaga. Í greinargerð er bent á, að það sé til óþæginda hve margir frí dagar lendi á fimmtudögum, og er lagt til að sumardagurinn fyrsti og hugsanlega uppstigningardagur verði fluttur til. Hér verður þetta skilið á þann veg, að flutningsmenn vilji afnema helgi þessara daga og taka upp nýja frídaga í þeirra stað, því að sumardagurinn fyrsti er fastbundinn í hinu forníslenska misseristali, og uppstigningardagur órjúfanlega tengdur páskum, þannig að um raunverulegan flutning þessara daga getur ekki verið að ræða.

Flutningsmenn líta svo á, að það yrði viðkvæmara að afnema helgi uppstigningardags heldur en sumardagsins fyrsta. Þetta er mikið vafamál. Sumardagurinn fyrsti hefur um langan aldur verið sérstakur hátíðisdagur þjóðarinnar og gekk næst jólum og páskum hér áður fyrr. Hann var messudagur fram til 1744. Ef helgi þessa dags yrði afnumin og hann gerður að virkum degi, er mikil hætta á að dagurinn myndi smám saman falla í gleymsku, og hefðu þá glatast mikilvæg tengsl við fortíð og sögu þjóðarinnar. Ljóst er af viðbrögðum manna, að mjög mikil andstaða er við þessa hugmynd. Hins vegar má ætla, að minni andstaða yrði við tillögu um að afnema helgi uppstigningardags. Að sjálfsögðu þyrfti þó að biðja forsvarsmenn þjóðkirkjunnar um álit á því máli.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Sæmundsson

Umsögn um frumvarp til laga um tímareikning á Íslandi

Undirritaður hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um tímareikning á Íslandi, sem nýlega hefur verið lagt fram á Alþingi. Frumvarp þetta er í höfuðatriðum svipað þingsályktunartillögu sem lögð var fram fyrir tveimur árum. Þá var einnig óskað eftir umsögn minni og sendi ég hana til Efnahags- og viðskiptanefndar með bréfi dagsettu 29. apríl 1994. Tæplega er ástæða til að endurtaka allt sem fram kom í því bréfi, því að það mun nefndinni tiltækt. Hér skulu aðeins dregnir saman helstu punktar og bætt við atriðum sem ekki var minnst á í fyrri umsögn.

Rök flutningsmanna frumvarpsins fyrir því að taka upp nýjan sumartíma eru í stuttu máli þessi:

1. Tímamunurinn milli Íslands og annarra landa í V-Evrópu myndi stytta um eina stund yfir sumarið, og yrði það til hagræðis fyrir þá sem stunda viðskipti við þessi lönd.
2. Ekki þyrfti lengur að breyta áætlunum Flugleiða þegar klukkunni er breytt í Evrópulöndum.
3. Flugfarþegar á leið til Evrópu þyrftu ekki að vakna eins snemma fyrir flug.
4. Almennigur myndi njóta sólar lengur að sumri til eftir vinnutíma á daginn.

Rökin gegn nýjum sumartíma eru þessi:

1. Tímabreytingin myndi raska svefnvenjum fólks, einkánlega ungbarna. Á þeim árum sem sérstakur sumartími var í gildi hérlendis, var þetta algengasta umkvörtunarefnið.
2. Stilla þyrfti allar klukkur á landinu tvisvar á ári, og í sumum tilvikum yrði það mikil fyrirhöfn. Gleymaska og mistök sem óhjákvæmileg eru, geta haft óþægilegar afleiðingar. Meðan reglur um sumartíma voru í gildi, var algengt að menn kæmu of seint eða of snemma til vinnu, á fundi eða samkomur, daginn eftir tímabreytinguna.
3. Þeir sem eiga viðskipti vestur um haf myndu missa eina stund af sameiginlegum skrifstofutíma, og er hann þó skammur fyrir.
4. Ef klukkunni yrði flýtt um klukkustund fram undir lok október, myndi það hafa þau áhrif, að menn fyndu fyrir skammdeginu tæpum þrem vikum fyrr en ella. Venjulega meta menn skammdegið eftir því, hvenær birtir á morgnana.

5. Breyta þyrfti veðurfregnatímum útvarps tvisvar á ári, því að veðurathuganir eru gerðar á föstum tímum eftir miðtíma Greenwich (GMT).
6. Breyta þyrfti mjaltatímum í sveitum, og hevvinnutíma myndi seinka.
7. Þeir sem nota flóðtöflur, töflur um sólargang og hliðstæðar töflur í almanökum yrðu að muna eftir að leiðréttar tölur á réttan veg meðan sumartíminn er í gildi, því að töflurnar fylgja sama tíma allt árið. Að víkja frá þeirri hefð myndi aðeins auka hættu á misskilningi. Mistök í túlkun umræddra taflna geta haft alvarlegar afleiðingar.
8. Aðilar sem sinna rannsóknum, samgöngum og fjarskiptum þar sem tímaviðmið er GMT myndu ekki lengur njóta þess hagræðis að búa við þann tíma í daglegu lífi allt árið. Um leið ykist hætta á mistökum við tímaskráningar.
9. Tímareikningur að sumri til yrði víðs fjarri því upprunalega markmiði, að hádegi skuli vera klukkan 12 og miðnætti klukkan 24. Orðin "hádegi" og "miðnætti" yrðu nánast óræð, ef ekki fylgdu nánari skýringar. Sól yrði í hádegisstað einhvern tíma á bilinu frá kl. 13:38 til kl. 14:53, allt eftir landshluta og árstíma. Rétt miðnætti (lágnaetti) yrði á sama hátt á tímabilinu frá kl. 01:38 til kl. 02:53.
10. Þeir sem áhuga hafa á norðurljósum eða stjörnuskoðun, þar með taldir erlendir ferðamenn, yrðu að bíða klukkustundu lengur (þ.e. tveimur stundum lengur en eðlilegt getur talist miðað við legu landsins) eftir myrkri að vori eða hausti, en haustið er besti athugunartíminn með tilliti til veðurfars og tíðni norðurljósa. Um hásumarið yrðu ferðamenn að bíða lengur fram eftir nóttu til að sjá miðnætursól.

Athugasemdir við greinargerð frumvarpsins:

1. Í greinargerðinni segir: "Rökin sem færð hafa verið gegn sumartímanum hafa fyrst og fremst falist í að draga fram kostnaðinn og fyrirhöfnina við að breyta klukkunni tvisvar á ári". Þetta er ekki rétt. Í grein sem ég ritaði í Morgunblaðið 9. mars 1994 var annað atriði talið fyrst, á sama hátt og nú. Í greinargerð minni til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 29. apríl 1994, stendur beinlínis: "Fyrirhöfnin við að stilla klukkur, þótt ærin sé, er ekki þyngsta röksemdin í þessu máli".
2. Höfuðröksemd flutningsmanna er sú, að með nýjum sumartíma fái ein klukkustund í viðbót til samskipta við Evrópulönd á sameiginlegum skrifstofutíma. Þessi klukkustund myndi skipta sköpum í viðskiptalífínu, að mati flutningsmanna. Hins vegar virðast þeir ekki hafa áhyggjur af þeim skrifstofumönnum sem stunda viðskipti við Bandaríkin og eiga á hættu að missa klukkustund af þeim stutta tíma sem þeir hafa til umráða. Í þessu felst veruleg mótsögn. Á hinn bóginn er ástæða er til að efast um, að sameiginlegur skrifstofutími skipti jafnmiklu máli í viðskiptum og flutningsmenn vilja vera láta. Ekki virðist tímamunurinn hafa staðið Japönnum fyrir þrifum, þegar þeir voru að hasla sér völl á mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum.

3. Að mati flutningsmanna, eiga hin nýju lög að færa Íslendingum sumarstemningu eins og gerist í nágrannalöndum í Evrópu, heilbrigðari lifnaðarhætti og hafa hvetjandi áhrif á viðskiptalíf, götulíf og allt mannlíf á Íslandi, svo að vitnað sé í greinargerðina með frumvarpinu. Þarna gætir nokkurrar bjartsýni, svo að ekki sé meira sagt. Að flýta klukkunni jafngildir ekki því að flytja Ísland á suðlægari breiddarstig.
4. Bent hefur verið á, að í stað þess að færa klukkuna mætti breyta vinnutíma á sumrin. Þetta telja flutningsmenn illfæra leið; það kosti í flestum tilvikum of mikla röskun að breyta vinnutíma einstaklinga, svo að ekki sé talað um starfstíma heilla fyrirtækja. Sú staðhæfing er illskiljanleg í ljósi þess að margar stofnanir hafa nú þegar þennan háttinn á. Ef þetta yrði gert að almennri reglu, mætti jafnvel fá betra samræmi en nú er milli skrifstofutímans, skólatímans og opnunartímans dagheimila.
5. Flutningsmenn segja það einkennilegt, að Íslendingar skuli vera sér á báti hvað varðar afstöðuna til "sumartímans". Margsinnis hefur þó verið bent á, hvaða rök liggja að baki sérstökum sumartíma í þeim löndum þar sem hann tíðkast. Sumartíminn var upphaflega innleiddur til þess að spara orku, og það sjónarmið vegur enn þungt þegar kostir sumartíma eru metnir. Hér á landi skiptir þetta atriði litlu máli. Því veldur bæði hnattstaða landsins og orkubúskapur. Á sumrin er bjart mestan hluta vökutímans og á veturna dimmt, hvort sem klukkunni er hagrætt eða ekki. Íslendingar spara ekki heldur eldsneyti (olíu eða kol) svo að neinu nemi með því að breyta klukkunni. Íslendingar eru ekki einir á báti í afstöðu sinni, því að tveir þriðju hlutar allra sjálfstæðra ríkja hafa klukkuna óbreytta allt árið, þar á meðal Japan og Taívan. Það er því ekki alls kostar rétt sem segir í greinargerðinni með frumvarpinu, að sumartími tíðkist í öllum helstu viðskiptalöndum okkar í austri og vestri.

Reykjavík, 5. mars 1996,

Þorsteinn Sæmundsson